



Borgarráð

## Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að draga úr kostnaði við veitingar á fundum - umsögn

Á fundi borgarráðs 20. janúar sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu:

*Lagt er til að skoða leiðir til að draga úr kostnaði við veitingar á fundum borgarráðs og borgarstjórnar. Þeir fundir sem hér um ræðir eru oft langir, sá fyrri stundum í 5 tíma og síðari í allt að 10 tíma. Reykjavíkurborg skipti við Múlakaffi þangað til í desember sl. en Kokkarnir veisluþjónusta hafa tekið við eftir niðurstöðu útboðs. Gróflega má sjá í opnu bókhaldi að greiðslur til Múlakaffis eru um það bil 10 til 15 milljónir á mánuði sem deilast niður á ólíkar starfseiningar. Á móti þessum útgjöldum koma tekjur af sölu matarskammta til starfsmanna í mótuneytum sem fulltrúi Flokks fólksins hefur ekki upplýsingar um hvað eru miklar. Í þessari tillögu er horft til tveggja tegunda funda, borgarráðs og borgarstjórnar. Í borgarráði mætti láta duga morgunverðarhlaðborð og sleppa hádegisverði þótt fundir fari fram yfir hádegi. Mikilvægt er að gera nákvæma talningu á hverjir eru mættir á fundinn (staðfund) og munu njóta veitinganna svo sporna megi við að afgangur verði mikill og þar með matarsóun. Í borgarstjórn þegar fundir eru í allt að 10 tíma er mikilvægt að hafa staðgóðan kvöldverð en til að draga úr kostnaði mætti taka nákvæmari skráningu á fjölda þeirra sem borða kvöldmat, borgarfulltrúar/starfsmenn. Þá verður minna um afganga og minna um matarsóun.*

Umsögn:

Ákvarðanir um veitingar á fundum eru hluti af hefðbundnum undirbúningi borgarráðsfunda og eru í höndum formanns borgarráðs ásamt starfsmönnum ráðsins í samræmi við ákvæði 43. gr, samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar 1020/2019 þar sem fram kemur fram að formaður borgarráðs undirnýr borgarráðsfundi.

Í 46. gr. sömu samþykktar er jafnframt fjallað um verkefni borgarráðs en þar kemur m.a. fram að borgarráð fer með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar og eftirlit með stjórnarsýslu. Ekki er unnt að fallast á að það sé hluti af verkefnum borgarráðs né að það sé þörf á aðkomu ráðsins sem stjórnvalds til ákvarða magn veitinga á fundum þess.

Í 50. gr. sömu samþykktar kemur fram að það er hlutverk forsætisnefndar að skipuleggja starf borgarstjórnar. Efni tillögunnar sem varðar fundi borgarstjórnar er því ranglega beint að borgarráði.

Með vísan til ofangreinds er mælt með því að borgarráð vísi tillögunni frá.

Virðingarfyllst,  
Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar